

From: Jóhanna Sigurjónsdóttir

Sent: fimmtudagur, 20. ágúst 2020 15:11

Subject: Frumkvæðisathugun ráðuneytisins á samstarfssamningum sveitarfélaga

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vekur athygli á eftirfarandi:

Ráðuneytið hefur lokið frumkvæðisathugun á samstarfssamningum sveitarfélaga, sem stofnað var til með vísan til eftirlitshlutverks þess með stjórnslu sveitarfélaga. Tilgangur athugunarinnar var að afla heildstæðra upplýsinga um samstarfssamninga sveitarfélaga og leggja mat á hversu vel samningarnir samræmast þeim kröfum sem gerðar eru til slíkra samninga í lögum.

Yfirferð ráðuneytisins leiddi í ljós að töluverðir annmarkar eru á fjölmörgum samningum sveitarfélaga um samvinnu þeirra á milli. Ráðuneytið hefur af því tilefni tekið saman leiðbeiningar til sveitarfélaga um almenn sjónarmið sem gilda um samvinnu þeirra, form samvinnu og lagakröfur sem gerðar eru til slíkra samninga. Ráðuneytið mun fylgja leiðbeiningunum eftir með því að upplýsa sveitarfélög um athugasemdir þess við einstaka samninga en öllum sveitarfélögum landsins mun berast bréf þess efnis á næstu dögum. Sveitarfélögum verður gefinn frestur til að gera úrbætur og af þeim svörum mun ráðast hvort tilefni er til að taka einstaka samninga til frekari umfjöllunar.

Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/08/20/Frumkvaedisathugun-raduneytis-a-samstarfssamningum-sveitarfelaga-lokid/>



Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

www.samgonguraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN